

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 1686/98/EB

frá 20. júlí 1998

um að koma á fót aðgerðaáætlun bandalagsins „Evrópsk sjálfbodaþjónusta fyrir ungt fólk“

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 126. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽⁴⁾, á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 30. júní 1998,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Á fundi sínum í Essen (9. og 10. desember 1994), í Cannes (26. og 27. júní 1995), í Madrid (15. og 16. desember 1995) og í Dublin (13. og 14. desember 1996) lagði leiðtogaáráðið áherslu á nauðsyn þess að gerðar yrðu nýjar ráðstafanir til að stuðla að aðlögun ungs fólks í Evrópu í félagslegu og atvinnulegu tilliti.
- 2) Í niðurstöðum leiðtogaáráðsins, sem kom saman í Flórens (21. og 22. júní 1996), var lögð áhersla á mikilvægi þess að auðvelda ungu fólki aðlögun að atvinnulífínu og var í því sambandi vakin athygli á hugmyndinni um evrópska sjálfbodaþjónustu.
- 3) Leiðtogaáráðið, sem kom saman í Amsterdam (16. og 17. júní 1997), lýsti því yfir að það væri hlynnt sjálfbodaðastarfi.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB C 302, 3. 10. 1997, bls. 6. og Stjútíð. EB C 320, 21. 10. 1997, bls. 7.

⁽²⁾ Stjútíð. EB C 158, 26. 5. 1997, bls. 12.

⁽³⁾ Stjútíð. EB C 244, 11. 8. 1997, bls. 47.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 12. júní 1997 (Stjútíð. EB C 200, 30. 6. 1997, bls. 183), sameiginleg afstaða ráðsins frá 16. desember 1997, (Stjútíð. EB C 43, 9. 2. 1998, bls. 35) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 12. mars 1998 (Stjútíð. EB C 104, 6. 4. 1998, bls. 206). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. júlí 1998. Ákvörðun ráðsins frá 20. júlí 1998.

4) Ráðið fór fram á það við framkvæmdastjórnina að hún gerði tillögur um hagnýtar ráðstafanir til að efla millilandasamstarf á sviði sjálfbodaþjónustu.

5) Í ályktun sinni frá 5. október 1995 um samstarf við þriðju lönd um málefni æskunnar ⁽⁵⁾ lagði ráðið áherslu á þörfina fyrir aukið samstarf við þriðju lönd, sem bandalagið hefur gert aðildar- eða samstarfssamninga við, einkum hvað varðar sjálfbodaþjónustu.

6) Á fundi sínum 25. og 26. júní 1984 fór leiðtogaáráðið fram á það við aðildarríkin að þau gerðu nauðsynlegar ráðstafanir til að hvetja ungt fólk til þátttöku í verkefnum sem bandalagið stendur að utan landamæra sinna, og lagði til við aðildarríkin að þau staðfestu, sem eitt af markmiðum félagsmálastefnu sinnar, að tekin yrði upp verndun félagslegra réttinda til handa sjálfbodaðliðum, sem starfa að þróunarverkefnum, eða bætt úr vanköntum á því sviði.

7) Þingið hefur einnig við mörg tækifæri látið í ljósi stuðning við þróun sjálfbodaþjónustu í bandalaginu, einkum í ályktun sinni frá 22. september 1995 um að koma á fót evrópskri borgaraþjónustu ⁽⁶⁾.

8) Samstarf um málefni æskunnar, sem er í raun óformleg menntastefna, er viðbót við þá menntastefnu sem ákveðin er með sáttmálanum, og nauðsynlegt er að þróa þá stefnu frekar.

9) Sjálfbodaðastarf af ýmsu tagi fyrirfinnst einnig í nokkrum aðildarríkjum og allmörg frjáls félagasamtök starfa á þessu sviði.

10) Reynslan af þessu er þó takmörkuð enn sem komið er og ber að bæta og auka sjálfbodaðastarf milli landa.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB C 296, 10. 11. 1995, bls. 11.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB C 269, 16. 10. 1995, bls. 232.

- 11) Nauðsynlegt er að skapa ný tækifæri til að miðla og nýta reynslu og góðar starfsvenjur, og sömuleiðis að stuðla að nýju samstarfi milli aðila.
- 12) Fram hefur farið sjálfstætt fyrirframat á áætlun til margra ára um sjálfbodaþjónustu í samræmi við þær meginreglur sem framkvæmdastjórnin hefur sett fram vegna annars áfanga „SEM 2000“-áætlunarinnar („sound and efficient management“).
- 13) Með þessari ákvörðun er bandalagsrammi ákveðin með það fyrir augum að stuðla að þróun sjálfboda starfs milli landa. Aðildarríkjunum ber að samþykkja viðeigandi og samræmdar ráðstafanir til að ryðja úr vegi lagalegum og réttarfarslegum hindrunum í því skyni að bæta enn frekar aðgang ungs fólks að áætluninni og auka skilning á sérstökum aðstæðum ungra sjálfboda liða.
- 14) Þátttaka ungs fólks í sjálfboda starfi er ein tegund óformlegrar menntunar, en hversu vel tekst til er að miklu leyti komið undir því að rétt sé staðið að undirbúningi, einnig með tilliti til tungumála og menningar, er þroskandi og víkkar út sjóndeildarhringinn, eflir félagslega hæfni ungmennanna og getu þeirra til að taka virkan þátt í samfélaginu, til að aðlagast samfélaginu í efnahagslegu, félagslegu og menningarlegu tilliti og eykur möguleika á að þau líti á sig sem borgara í Evrópu.
- 15) Stofnun sjálfbodaþjónustu í Evrópu ætti að fara fram í tengslum við aðrar áætlanir bandalagsins sem taka mið af hagsmunum ungs fólks, einkum áætlunina um æskuna í Evrópu⁽¹⁾, og því er mikilvægt að hvað styðji annað í þessu tilliti.
- 16) Nauðsynlegt er að styrkja tengslin milli ráðstafana sem gerðar eru samkvæmt þessari áætlun, baráttunnar við útskúfun af ýmsu tagi, þar með talið kynþáttafordóma og útlendingahatur, samstarfsins við þriðju lönd og verkefna sem eru liður í félagsmálastefnunni, einkum aðgerða í tengslum við menntun og aðgang að vinnu- markaði sem njóta stuðnings Félagsmálasjóðs Evrópu (bæði almenna sjóðsins og bandalagsfrumkvæðisins um atvinnutækifæri fyrir æskuna — „Employment- Youthstart“).
- 17) Til að auðvelda aðlögun ungmenna að atvinnulífinu þarf að elfa tengslin milli evrópskrar sjálfbodaþjónustu og, sér í lagi, frumkvæðis í atvinnulífi á viðkomandi stað.
- 18) Með sjálfbodaþjónustu er unnt að veita aðstoð til að mæta nýjum samfélagsþörfum og einnig að koma auga á nýja starfs- og atvinnumöguleika.
- 19) Þátttaka í sjálfbodaþjónustu, sem fellur undir þessa ákvörðun, á að vera algerlega valfrjáls. Slík starfsemi á ekki að fara fram í hagnaðarskyni og hýsiverkefnið á að vera í þágu menntunar hinna ungu sjálfboda liða og þar af leiðandi er engan veginn hægt að bera hana saman við starfsráðningu.
- 20) Ungir sjálfboda liðar, sem taka þátt í áætluninni, eiga að hafa nauðsynlegar ráðstöfunartekjur.
- 21) Evrópskt sjálfboda starf kemur ekki í staðinn fyrir herþjónustu, né fyrir aðra þjónustu, svo sem fyrir þá sem neita að gegna herþjónustu samvisku sinnar vegna, eða aðra lögboðna borgaraþjónustu sem fyrirfinnst í nokkrum aðildarríkjum, og því er ekki ætlað að takmarka eða koma í stað mögulegrar eða raunverulegrar launaðrar atvinnu.
- 22) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin eiga að leitast við að tryggja að evrópskt sjálfboda starf og svipuð innlend starfsemi af ýmsu tagi bæti hvert annað upp.
- 23) Allt ungt fólk með lagalega búsetu í aðildarríki á að geta sótt um þátttöku í evrópskri sjálfbodaþjónustu, án nokkurrar mismununar.
- 24) Útgáfa dvalarleyfa og, eftir atvikum, áritanir vegabréfa heyra undir yfirvöld í aðildarríkjunum, og hugtakið „lagaleg búseta“ er skilgreint í innlendum lögum.
- 25) Nauðsynlegt er að framkvæmd þessarar áætlunar byggist á sjálfstæðum einingum sem aðildarríkin tilnefna í náinni samvinnu við innlend yfirvöld á sviði æskulýðsmála, til að tryggja að bandalagsaðgerðin styðji við og efli innlenda starfsemi jafnframt því að dreifræðisreglan, eins og hún er skilgreind í 3. gr. b í sáttmálanum, sé virt.
- 26) Evrópskt sjálfboda starf varðar staðar- og héraðsyfirvöld beint með hliðsjón af því hlutverki sem þau geta gegnt með því að styðja beint við verkefnin, en einnig með því að taka saman staðfært upplýsingaefni og fylgjast með unga fólkinu eftir að það hefur lokið sjálfbodaþjónustu.
- 27) Aðilar vinnu- markaðarins eiga að gegna mikilvægu hlutverki við mótnun evrópskrar sjálfbodaþjónustu, ekki

⁽¹⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 818/95/EB frá 14. mars 1995 um samþykki á þriðja áfanga áætlunarinnar „Æskan í Evrópu“ (Stjóð. EB L 87, 20. 4. 1995, bls. 1).

- eingöngu til að koma í veg fyrir að hún komi í stað mögulegrar eða raunverulegrar launaðrar atvinnu heldur einnig til að nýta reynsluna af starfinu og styðja unga fólkið til virkrar aðlögunar að samfélaginu.
- 28) Enn fremur á sjálfböðastarf að gegna mikilvægu hlutverki með því að gera öllu ungu fólki kleift að taka þátt í þessum áætlunum, ekki síst þeim sem eiga við mestan vanda að etja.
- 29) Tryggja ber stöðugt eftirlit, þar sem einkum er tekin til greina afstaða aðila vinnumarkaðarins og aðila sjálfböðaðþjónustunnar.
- 30) Framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum ber að sjá til þess að samstarf verði eftt við frjáls félagasamtök sem starfa á sviði æskulýðs- og félagsmála, umhverfis- og menningarmála og berjast gegn útskúfun af ýmsu tagi.
- 31) Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið er kveðið á um nánari samvinnu á sviði menntunar, þjálfunar og æskulýðsmála milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess annars vegar og þeirra ríkja í Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), sem taka þátt í Evrópska efnahagssvæðinu, hins vegar. Í 4. gr. bókunar 31 er kveðið á um að EFTA-ríkin skuli, frá 1. janúar 1995, taka þátt í öllum áætlunum bandalagsins á sviði menntunar, þjálfunar og æskulýðsmála sem eru í gildi þá eða hafa verið samþykktar.
- 32) Samstarfsríkjum í Mið- og Austur-Evrópu er frjálst að taka þátt í áætluninni „Evrópsk sjálfböðaðþjónusta fyrir ungt fólk“ í samræmi við þau skilyrði sem um getur í Evrópusamningunum eða viðbótarbókunum, sem búið er að gera eða til stendur að gera, um þátttöku þessara landa í áætlunum bandalagsins. Kýpur og Möltu er frjálst að taka þátt í þessari áætlun á grundvelli viðbótarfjárveitinga samkvæmt sömu reglum og gilda um EFTA-ríkin sem taka þátt í Evrópska efnahagssvæðinu, samkvæmt málsmeðferð sem samið skal um við þessi lönd, með fyrirvara um málsmeðferð sem er ólokið vegna þátttöku Möltu.
- 33) Aukin virkni innan samfélagsins og öflun óformlegrar menntunar annars vegar og framlag ungs fólks til samstarfs milli bandalagsins og þriðju landa hins vegar eru mikilvæg markmið áætlunarinnar „Evrópsk sjálfböðaðþjónusta fyrir ungt fólk“.
- 34) Í mörgum aðildar- og samstarfssamningum er kveðið á um ungmennaskipti.
- 35) Í þessari ákvörðun er kveðið á um fjárlagaramma fyrir allt tímabilið sem áætlunin stendur yfir, sem í skilningi 1. liðar sameiginlegrar yfirlýsingar Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. mars 1995 ⁽¹⁾ er helsti viðmiðunargrundvöllur fjárveitingavaldsins við árlega fjárlagagerð.
- 36) Fjárhagsáætlun bandalagsins gildir til 1999 og skal hún endurskoðuð fyrir tímabilið sem þá tekur við.
- 37) Í ljósi þess að þriðja áfanga áætlunarinnar „Æskan í Evrópu“ lýkur 31. desember 1999 mun framkvæmdastjórnin, fyrir 31. desember 1997, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um hugmyndir sínar um „forangangsverkefni samstarfsstefnu á sviði æskulýðsmála fram til ársins 2000“.
- 38) Hinn 20. desember 1994 gerðu Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin bráðabirgðasamkomulag um ráðstafanir til framkvæmdar gerðum sem eru samþykktar á grundvelli málsmeðferðarinnar sem um getur í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽²⁾.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

Áætluninni komið á fót

1. Með þessari ákvörðun er aðgerðaáætlun bandalagsins „Evrópsk sjálfböðaðþjónusta fyrir ungt fólk“ komið á fót, hér á eftir nefnd „áætlunin“, en hún tekur til evrópsks sjálfböðastarfs, sem fram fer í bandalaginu og þriðju löndum, fyrir ungt fólk með lagalega búsetu í aðildarríki.

Áætlunin er samþykkt fyrir tímabilið frá 1. janúar 1998 til 31. desember 1999.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB C 102, 4. 4. 1996, bls. 4.

⁽²⁾ Stjútíð. EB C 102, 4. 4. 1996, bls. 1.

2. Þessi áætlun fellur undir almenn markmið samstarfsstefnu á sviði æskulýðsmála, eins og þau eru sett fram í áætluninni „Æskan í Evrópu“ (2. mgr. 1. gr.). Henni er ætlað, samhliða því að virða meginregluna um jöfn tækifæri karla og kvenna, að ýta undir hreyfanleika og samstöðu ungs fólks sem virkra þjóðfélagsþegna, að gefa ungu fólki kost á að afla sér óformlegrar menntunar í formi reynslu á ýmsum athafnasviðum, sem gæti orðið grundvöllur að auknum þroska þess þegar fram í sækir, og að stuðla að virku framlagi þess til hugsjóna á borð við lýðræði, umburðarlyndi og samstöðu í tengslum við samrunann í Evrópu og til samstarfsins milli Evrópubandalagsins og þriðju landa með því að taka þátt í millilandastarfi í samfélagsþágu.

2. gr.

Rammi, markmið og úrræði

1. Með þessari áætlun, sem byggist á efltri samvinnu milli aðildarríkjanna, býðst ungu fólki, einkum á aldrinum 18 til 25 ára, vottfest óformleg menntun í formi reynslu sem er fengin með millilandastarfi og miðar að því að þjálfa með þeim tiltekna færni og getu til að sýna borgaralega ábyrgð í verki með það í huga að stuðla að virkri aðlögun ungmenna að samfélaginu. Ungt fólk, sem tekur þátt í starfi samkvæmt þessari áætlun, er hér á eftir einnig nefnt „ungir sjálfboðaliðar“.

2. Í samræmi við almennu markmiðin, sem eru sett fram í 1. gr., skulu sérstök markmið þessarar áætlunar vera sem hér segir:

- a) að hvetja til frumkvæðis, nýsköpunar og samstöðu meðal ungs fólks til að það geti aðlagast samfélaginu með virkum hætti og lagt sitt af mörkum til að ná markmiðum áætlunarinnar;
- b) að gera gangskör að því að ungt fólk með lagalega búsetu í aðildarríki geti tekið þátt í millilandastarfi til lengri eða skemmri tíma í samfélagsþágu, sem fer fram í bandalaginu eða í þriðju löndum, einkum þeim sem bandalagið hefur gert samstarfssamninga við. Slíkt starf má hvorki takmarka né koma í stað mögulegrar eða raunverulegrar launaðrar atvinnu;
- c) að stuðla að því að óformleg menntun í formi reynslu, sem er fengin í evrópsku samhengi, sé metin að verðleikum;
- d) að greiða fyrir aðgangi alls ungs fólks að áætluninni.

3. Með þetta í huga, og í samræmi við almennu markmiðin, sem sett eru fram í 1. gr. og sérstöku markmiðin sem

lýst er í 2. mgr. þessarar greinar, skulu meginatriði þessarar áætlunar, sem nánari grein er gerð fyrir í viðaukanum, vera sem hér segir:

- a) að styðja millilandastarf til lengri eða skemmri tíma í samfélagsþágu, sem fer fram í bandalaginu og í þriðju löndum;
- b) að styðja starfsemi sem er ætlað að stuðla að samstarfi milli aðila sem byggist á evrópskri sjálfboðaðþjónustu og nýsköpun innan netkerfis;
- c) að styðja aðgerðir og verkefni sem eru fólgin í að fylgjast með ungum sjálfboðaliðum og að nýta þá reynslu sem þeir hafa öðlast í evrópskri sjálfboðaðþjónustu og stuðla þannig að virkri aðlögun þeirra að samfélaginu;
- d) að vinna að og styðja nauðsynlegan undirbúning, einkum á tungumála- og menningarsviðinu, og aðlögun ungra sjálfboðaliða, leiðbeinenda og evrópskra verkefnastjóra til að ungu sjálfboðaliðarnir geti notið góðs af háþrúðum verkefnum sem taka mið af markmiðum áætlunarinnar;
- e) að tryggja gæði allrar starfsemi sem fer fram samkvæmt áætluninni, stuðla að þróun Evrópuviddarinnar í starfsemi og samstarfi á sviði æskulýðsmála með því að styðja, hvenær sem færi gefst, viðleitni aðildarríkjanna til að bæta þjónustu og ráðstafanir sem tengjast evrópskri sjálfboðaðþjónustu, einkum með ráðstöfunum sem miða að því að upplýsa ungt fólk um markmið áætlunarinnar og með athugunum og stöðugu mati sem gera kleift, eftir því sem við á, að laga framkvæmdar-ákvæði og meginlínur áætlunarinnar að þeim þörfum sem kunna að koma upp.

3. gr.

Fjárhagsákvæði

1. Það fjármagn, sem ætlað er til að hrinda áætluninni í framkvæmd á tímabilinu 1998–1999, er 47,5 miljónir ekna, samkvæmt núgildandi fjárhagsáætlun.

2. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

4. gr.

Aðgangur að áætluninni — sértækar aðgerðir

1. Leggja skal sérstaka áherslu á að tryggja öllu ungu fólki aðgang að starfsemi sem fer fram samkvæmt áætluninni, án mismununar.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu sjá til þess að sérstaklega sé leitast við að greiða götu ungs fólks, sem af menningarlegum, félagslegum, líkamlegum, efnahagslegum eða landfræðilegum ástæðum á erfðast með að taka þátt í aðgerðaáætlunum sem fyrir eru, hvort heldur sem er á vettvangi bandalagsins, landa, svæða eða staða. Í þessu sambandi skal tekið tillit til þeirra vandamála sem þessi markhópur á við að glíma.

5. gr.

Þátttaka samstarfsríkja

Samstarfsríkjum í Mið- og Austur-Evrópu er frjálst að taka þátt í þessari áætlun í samræmi við þau skilyrði sem um getur í Evrópusamningunum eða viðbótarbókunum, sem búið er að gera eða til stendur að gera, um þátttöku þessara landa í áætlunum bandalagsins. Kýpur og Möltu er frjálst að taka þátt í þessari áætlun á grundvelli viðbótarfjárveitinga samkvæmt sömu reglum og gilda um EFTA-ríkin sem taka þátt í Evrópska efnahagssvæðinu, samkvæmt málsmeðferð sem samið skal um við þessi lönd, með fyrirvara um málsmeðferð sem er ólokið vegna þátttöku Möltu.

6. gr.

Framkvæmd, tengsl við aðrar ráðstafanir og alþjóðlegt samstarf

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja framkvæmd þessarar áætlunar.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu sjá til þess að þær aðgerðir, sem heyra undir þessa áætlun, séu í samræmi við og bæti upp aðrar áætlanir og frumkvæði bandalagsins, einkum áætlunina „Æskan í Evrópu“ og áætlanir sem fela í sér möguleika á að fjármagna verkefni með þátttöku ungra sjálfbóðaliða frá þriðju löndum, auk ráðstafana sem aðildarríkin gera á þessu sviði.

3. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu haga samstarfi í tengslum við þessa áætlun þannig að það bæti upp það starf sem fram fer í hlutaðeigandi alþjóðastofnunum, einkum Evrópuráðinu.

7. gr.

Samstarf við aðildarríki

1. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu gera þær ráðstafanir sem þau telja viðeigandi til að þróa einingarnar sem komið hefur verið á fót á vettvangi bandalagsins og á innlendum vettvangi með hliðsjón af markmiðum áætlunarinnar, til að gera áætlunina aðgengilegri ungu fólki og öðrum staðbundnum samstarfsaðilum, til að hægt sé að meta og hafa eftirlit með þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í áætluninni og beita reglum um samráð og val. Í því sambandi skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin gera ráðstafanir til að tryggja að viðeigandi upplýsingar séu

veittar og sjálfbóðaliðum gerð grein fyrir réttindum sínum og skyldum jafnt á evrópskum og innlendum vettvangi, sem og á hverjum stað, jafnframt því sem þau skulu leggja sig fram um að tryggja að evrópskt sjálfbóðastarf og svipuð innlend starfsemi af ýmsu tagi bæti hvert annað upp.

2. Hvert aðildarríki skal leitast við, eftir því sem kostur er, að gera þær ráðstafanir sem það telur nauðsynlegar og æskilegar til að tryggja að áætlunin gangi vel fyrir sig, einkum hvað varðar lagalegar og réttarfarslegar hindranir á aðgangi ungs fólks að áætluninni, hindranir á hreyfanleika ungra sjálfbóðaliða milli landa og skilning á sérstökum aðstæðum ungra sjálfbóðaliða.

8. gr.

Vottun

Í skjali, sem framkvæmdastjórnin gefur út í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 9. gr., skal vottfesta þátttöku ungra sjálfbóðaliða í evrópsku sjálfbóðapjónustunni og þá reynslu og færni sem þeir hafa öðlast á viðkomandi tímabili.

9. gr.

Nefnd

1. Við framkvæmd áætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar nefndar sem í eiga sæti fulltrúar aðildarríkjanna undir forsæti fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal og varða:

— starfsreglur nefndarinnar,

— framkvæmdarákvæði,

— árlega starfsáætlun um framkvæmd ráðstafana sem áætlunin tekur til,

— almennt jafnvægi milli hinna ýmsu þátta áætlunarinnar,

— viðmiðanir til að ákvarða leiðbeinandi skiptingu fjár milli aðildarríkjanna,

— skjal sem vottfestir þátttöku í evrópskri sjálfbóðapjónustu,

— aðferðir við eftirlit og mat á áætluninni.

Nefndin skal skila álitinu á fyrrnefndum drögum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er. Álitid skal samþykkt með þeim meirihluta sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans þegar um er að ræða ákvarðanir sem ráðið á að samþykkja samkvæmt tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Atkvæði fulltrúa aðildarríkjanna í nefndinni vega eins og mælt er fyrir um í þeirri grein. Formaðurinn greiðir ekki atkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem öðlast gildi þegar í stað. Séu ráðstafanirnar ekki í samræmi við álit nefndarinnar skal framkvæmdastjórnin þó láta ráðið vita af þeim án tafar. Ef svo ber undir:

- getur framkvæmdastjórnin frestað því að ráðstafanirnar komi til framkvæmda um tvo mánuði frá því að þær voru lagðar fyrir ráðið,
- er ráðinu heimilt að taka aðra ákvörðun með auknum meirihluta innan þeirra tímamarka sem um getur í undirliðnum hér að framan.

3. Auk þess er framkvæmdastjórninni heimilt að ráðfæra sig við nefndina um öll önnur málefni sem varða framkvæmd áætlunarinnar.

Ef svo ber undir leggur fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

Álitið skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt á að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

10. gr.

Eftirlit og mat

1. Þegar ákvörðun þessi kemur til framkvæmda skal framkvæmdastjórnin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja eftirlit með og stöðugt mat á áætluninni, þar sem tekið er tillit til hinna almennu og sérstöku markmiða sem um getur í 1. og 2. gr., hinna sérstöku markmiða sem eru skilgreind í viðaukanum, ákvæðanna sem sett eru í 4. gr. og ábendinga nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 9. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal með nægum fyrirvara leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu sem einkum fjallar um þann árangur sem náðst hefur með ráðstöfunum bandalagsins á sviði æskulýðsmála ásamt viðeigandi tillögum, ef þurfa þykir, einkum um það hvernig unnt sé að samræma aðgerðir á sviði æskulýðsmála fram til ársins 2000.

11. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 20. júlí 1998.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. M. GIL-ROBLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

W. MOLTERER

forseti.

VIÐAUKI

Til að ýta undir hreyfanleika ungs fólks sem virkra þjóðfélagsþegna, raunverulegri þátttöku þess í að skapa evrópska samstöðu og virkri aðlögun þess að samfélaginu, stuðla að og gefa ungu fólki kost á að afla sér óformlegrar menntunar í formi reynslu á ýmsum athafnasviðum, sem gæti orðið grundvöllur að auknum þroska þess þegar fram í sækir, hefur bandalagið í hyggju að styðja við evrópskt sjálfbodastarf í bandalaginu og þriðju löndum, aðgerðir til að fylgja starfseminni eftir og evrópskar samstarfsaðgerðir er miða að því að bæta þessa starfsemi og Evrópuvæðina í henni.

Við framkvæmd þessarar áætlunar ber að taka mið af þörfum markhópsins.

Í þessari áætlun er með „ungum sjálfbodaliðum“ átt við alla einstaklinga á aldrinum 18 til 25 ára með lagalega búsetu í aðildarríki Evrópubandalagsins. Slíkir ungir einstaklingar skuldbinda sig sjálfviljugir til þátttöku sem virkir þjóðfélagsþegar sem hljóta óformlega menntun í formi reynslu með það fyrir augum að öðlast félagslega, þvermenningarlega og persónulega færni og hæfni, sem leggur grundvöll að auknum þroska þeirra þegar fram í sækir samtímis því að stuðla að velferð í samfélaginu. Í þessu skyni tekur ungi sjálfbodaliðinn þátt í ólaunuðu starfi í samfélagsþágu sem er ekki stundað í hagnaðarskyni, í öðru aðildarríki en því sem hann er búsettur í eða í þriðja landi, og sem varir í takmarkaðan tíma (í mesta lagi 12 mánuði) og er auk þess liður í verkefni sem er viðurkennt af hlutaðeigandi aðildarríki og bandalaginu. Innifalið er fullt fæði og húsnæði og stuðningur umsjónarmanns. Innan ramma sjálfbodaverkefnisins skal tryggt að ungi sjálfbodaliðinn hafi heilbrigðistryggingu og aðrar viðeigandi tryggingar. Ungi sjálfbodaliðinn fær framfærslueyri/vasapeninga.

Grundvallarreglurnar, sem bandalagsaðgerðin byggist á, eru eftirfarandi:

- að ungu sjálfbodaliðarnir taki virkan þátt bæði í undirbúningi og framkvæmd verkefna,
- að á hverjum stað ríki samstarf milli ýmissa opinberra aðila og einkaaðila um virka aðlögun ungs fólks að samfélaginu,
- að millilandasamstarf sé milli hýsiverkefna og verkefna sem snúast um að senda unga sjálfbodaliða,
- að framkvæmdastjórnin samþykki öll hýsiverkefni að því tilskildu að hlutaðeigandi yfirvöld gefi jákvætt álit sitt,
- að undirbúningur, umsjón og, eftir því sem unnt er, hreyfanleiki ungu sjálfbodaliðanna sé tryggður,
- að hýsiverkefni hafi umsjónaraðila sem gegna mikilvægu ráðgjafarhlutverki fyrir ungu sjálfbodaliðana og við mat á gildi þeirrar reynslu sem fæst og við undirbúning aðgerða sem felast í að fylgjast með hvernig hún nýtist,
- að gildi óformlegrar menntunar í formi reynslu, sem er fengin í evrópsku samhengi, sé metið að verðleikum,
- að fylgst sé með ungu sjálfbodaliðunum eftir á og stuðlað að því reynslan, sem þeir hafa öðlast, komi að notum.

Með þetta í huga skipuleggur bandalagið þessa áætlun sem skiptist í fjóra þætti. Þættirnir fjórir tengjast innbyrðis og eru nægilega sveigjanlegir til að fullnægja þörfum ungmennanna sem í hlut eiga með viðeigandi hætti. Sú starfsemi sem fer fram samkvæmt þessari áætlun mun styðja við aðra starfsemi sem fram fer á sviði æskulýðsmála, einkum á grundvelli áætlunarinnar „Æskan í Evrópu“.

1. ÞÁTTUR: INNAN BANDALAGSINS

1. Bandalagið styður langtíma- (að jafnaði sex mánuðir til eitt ár) og skammtíma- (að jafnaði þrjár vikur til þrjár mánuðir) verkefni milli landa sem gefa ungu fólki, yfirleitt á aldrinum 18 til 25 ára, þótt ekki sé útilokað að ungt fólk utan þess aldursþóps geti komið til greina í tilteknum réttlætulegum tilvikum, með lagalega búsetu í aðildarríki kost á því, sem einstaklingar eða hluti af hóp, að taka virkan þátt í starfsemi sem felst í aðstoð við að mæta samfélagslegum þörfum á mörgum sviðum (félagslegum, félagsmenningarlegum, umhverfistengdum, menningarlegum o.s.frv.) og líkur eru á að geti haft bein áhrif á velferð íbúahópa gistasamfélaga. Markmiðin með þessum verkefnum eru að veita ungu fólki frá Evrópusambandinu óformlega menntun í formi reynslu, gera þeim kleift að kynna öðrum menningarsvæðum og tungumálum og veita þeim innsýn í nýjar hugmyndir og verkefni innan vébanda þvermenningarlegs borgarasamfélags.
2. Aðstoð sem veitt er samkvæmt þessum þætti skal ekki fara yfir 50% af samanlögðum heildarkostnaði sem stofnað er til í sambandi við evrópskt sjálfbodastarf, með fyrirvara um 3. lið.

3. Í samræmi við 2. mgr. 4. gr. þessarar ákvörðunar skal leitast við að aðstoða ungt fólk sem á við vanda af menningarlegum, félagslegum, fjárhagslegum, líkamlegum, andlegum eða landfræðilegum toga að etja. Viðleitnin skal miðast við það hve miklum erfiðleikum það er bundið fyrir þennan markhóp að taka þátt í aðgerðaáætlunum sem fyrir eru. Í þessu samhengi er heimilt að veita fjárhagsaðstoð sem nemur meira en þeim 50%, sem kveðið er á um í 2. lið, eða, eftir því sem við á, stuðning til annarrar starfsemi sem líkur eru á að geti auðveldað þátttöku þessa markhóps, að meðtöldum undirbúningi og aðgerðum vegna eftirfylgdar. Nefndin, sem um getur í 9. gr. þessarar ákvörðunar, kveður nánar á um skilyrði fyrir veitingu aðstoðar sem fer yfir 50%.
4. Aðstoð er veitt til:
Langtímastarfsemi
5. Með langtímastarfsemi er lögð áhersla á reynslu sem veitir réttindi, og fæst með þátttöku í evrópsku sjálfbodaaverkefni, og eftirfylgd við þá starfsemi er ungu sjálfbodaaliðarnir stunda.
6. Skjal, sem framkvæmdastjórnin gefur út í samræmi við 8. og 9. gr. þessarar ákvörðunar, vottfestir þátttöku ungra sjálfbodaaliða í evrópskri sjálfbodaþjónustu og þá reynslu og færni sem þeir hafa öðlast á viðkomandi tímabili.
Undirbúnings og umsjónar
7. Ráðstafanir (meðal annars á sviði tungumála og ólíkrar menningar) sem er ætlað að efla Evrópuviddina í starfseminni, undirbúa unga sjálfbodaaliða í langtímaverkefnum fyrir brottför og auðvelda aðlögun þeirra meðan á starfinu stendur og að lokinni evrópsku sjálfbodaþjónustunni.
Skammtímastarfsemi
8. Bandalagið styður samstarfsverkefni milli landa til skemmri tíma sem er ætlað að vekja athygli ungs fólks á þeim möguleikum sem felast í aðgerðum er byggja á meginreglunni um virkt borgarasamfélag og á þeim áhrifum sem slíkar aðgerðir geta haft á líf þeirra, og sem eiga að kynna öllum samstarfsaðilum hugmyndina um virkt borgarasamfélag.
9. Þessi verkefni taka einkum til hópa. Stuðningur við þátttöku einstaklings í hýsiverkefni kann að koma til greina eftir því hve lengi verkefnið varir, hvers eðlis það er eða hvaða sérstöðu ungi sjálfbodaaliðinn hefur.

2. ÞÁTTUR: ÞRIÐJU LÖND

1. Bandalagið styður langtíma- (að jafnaði til sex mánuðir til eitt ár) og skammtíma- (að jafnaði þrjár vikur til þrjú mánuðir) millilandaverkefni sem gefa ungu fólki, yfirleitt á aldrinum 18 til 25 ára, þótt ekki sé útilokað að ungt fólk utan þess aldurshóps geti komið til greina í tilteknum réttlætunlegum tilvikum, með lagalega búsetu í aðildarríki kost á því, sem einstaklingar eða hluti af hóp, að taka virkan þátt í starfsemi í þriðju löndum sem felst í aðstoð við að mæta samfélagslegum þörfum á mörgum sviðum (félagslegum, félagsmenningarlegum, umhverfistengdum, menningarlegum o.s.frv.) og líkur eru á að geti haft bein áhrif á velferð íbúahópa gístisamfélaga. Markmiðin með þessum verkefnum eru að veita ungu fólki óformlega menntun í formi reynslu, gera þeim kleift að kynna öðrum menningarsvæðum og tungumálum og veita þeim innsýn í nýjar hugmyndir og verkefni innan vébanda þvermenningarlegs borgarasamfélags.
2. Fjárveitingar, sem eru veittar samkvæmt þessum þætti, skulu að meginreglu til nægja fyrir kostnaði í tengslum við starfsemi, sem ungt fólk með búsetu í aðildarríkjunum, tekur þátt í.
3. Aðstoð er veitt til:
Langtímastarfsemi
4. Með langtímastarfsemi er lögð áhersla á reynslu sem veitir réttindi, og fæst með þátttöku í evrópsku sjálfbodaaverkefni, og eftirfylgd við þá starfsemi er ungu sjálfbodaaliðarnir stunda.
5. Skjal, sem framkvæmdastjórnin gefur út í samræmi við 8. og 9. gr. þessarar ákvörðunar, vottfestir þátttöku ungra sjálfbodaaliða í evrópskri sjálfbodaþjónustu og þá reynslu og færni sem þeir hafa öðlast á viðkomandi tímabili.
Undirbúnings og umsjónar
6. Ráðstafanir sem gera kleift að leggja eða styrkja nauðsynlegar undirstöður undir þróun millilandaverkefna innan evrópskrar sjálfbodaþjónustu í þriðju löndum, nánar tiltekið langtímastarfsemi.

7. Ráðstafanir (meðal annars á sviði tungumála og mismunandi menningar) sem hafa að markmiði að efla Evrópuvæðinguna í starfsemi, undirbúa unga sjálfboðaliða í langtímaverkefnum fyrir brottför og auðvelda aðlögun þeirra meðan á starfinu stendur og að lokinni evrópsku sjálfboðaðjónustunni.
Skammtíamastarfsemi
8. Bandalagið styður samstarfsverkefni milli landa til skemmri tíma sem er ætlað að vekja ungt fólk til sérstakrar meðvitundar um þau áhrif sem slíkar aðgerðir geta haft á líf þeirra, og sem eiga að kynna öllum samstarfsaðilum hugmyndina um virkt borgarasamfélag.
9. Þessi verkefni taka einkum til hópa. Stuðningur við þátttöku einstaklings í hýsiverkefni kann að koma til greina eftir því hve lengi verkefnið varir, hvers eðlis það er eða hvaða sérstöðu ungi sjálfboðaliðinn hefur.

3. ÞÁTTUR: EFTIRFYLGÐ, FRJÁLST FRUMKVÆÐI OG NÝSKÖPUN

1. Bandalagið styður verkefni þar sem fylgst er með ungu sjálfboðaliðunum eftir með það í huga að hjálpa þeim að notfæra sér og hagnýta þá reynslu sem þeir öðlast í sjálfboðastarfinu og stuðla að virkri aðlögun þeirra að samfélaginu.
2. Heimilt er að styðja frumkvæði sem ungt fólk tekur að lokinni evrópski sjálfboðaðjónustu, til að hjálpa þeim við að koma á fót og efla félagslega, menningarlega, félagsmenningarlega og efnahagslega starfsemi og/eða til að taka þátt í einhverju öðru menntandi viðbótarstarfi. Markmiðið með slíkri aðstoð er að efla frumkvæði og sköpunarmátt ungra sjálfboðaliða og styðja þróun evrópsks samstarfs af ýmsum toga. Þau ungmenni, sem mesta þörf hafa fyrir aðstoðina, njóta forgangs.
3. Sérstök áhersla er lögð á að efla samstarf aðila (í opinbera geiranum eða einkageiranum) og samvinnu þegar um frumkvæði er að ræða (í opinbera geiranum eða einkageiranum), einkum á viðkomandi stað, með það í huga að styðja, aðstoða og kosta viðleitni ungs fólks til að aðlagast samfélaginu á virkan hátt.

4. ÞÁTTUR: VIÐBÓTARRÁÐSTAFANIR

4.1. Leiðbeinendur og stjórnendur evrópskra verkefna

1. Veiting aðstoðar

Auk aðstoðar við eiginlega sjálfboðaðjónustu er aðstoð veitt til ráðstafana sem eiga að bæta starf leiðbeinenda og stjórnenda evrópskra verkefna. Þessar ráðstafanir varða starfsemi sem nýtur stuðnings bæði innan bandalagsins og í þriðju löndum. Annars vegar eiga þær að tryggja gæði óformlegrar menntunar í formi reynslu og hins vegar að vera liður í því að móta aðferðir við vottun.

2. Leiðbeinendur

Með „leiðbeinendum“ er átt við þá sem starfa sem umsjónarmenn ungra sjálfboðaliða í evrópsku sjálfboðastarfi innan ramma hýsiverkefnis og þá sem eru tengiliðir ungra sjálfboðaliða og verkefna innan ramma innlendra, svæðisbundinna eða staðbundinna stofkerfa.

3. Starfsemi sem aðstoð er veitt til

Aðstoð er veitt til starfsemi sem hefur að markmiði:

- að undirbúa og styðja leiðbeinendur í viðleitni sinni að aðstoða og leiðbeina ungum sjálfboðaliðum innan ramma sjálfboðaðjónustu milli landa, með sérstakri áherslu á verkefni sem ungt fólk með litla eða enga reynslu af millilandasstarfi tekur þátt í,
- að gera stjórnendur evrópskra verkefna hæfari til að inna af hendi stjórnunarstörf sín í evrópsku samhengi (skipulagningu verkefna, gerð fjárhagsáætlunar, að annast umsýslu og eftirfylgd við evrópsk verkefni, sjá um lagalegar hliðar o.s.frv.).

4.2. Samstarf aðila

Samstarfi aðila komið á

1. Bandalagið styður við starfsemi sem á að leiða til samstarfs aðila á staðbundnum/svæðisbundnum/innlendum vettvangi — milli opinberra aðila og aðila í einkageiranum — sem snýst um evrópska sjálfboðaðjónustu og hefur möguleika á að þróast í millilandasamstarf og evrópskt samstarf.

2. Aðstoð er veitt til starfsemi sem miðar að því að greiða fyrir og stuðla að millilandasamstarfi staðbundinna/svæðisbundinna/innlendra samstarfsaðila sem hafa hug á að starfa saman innan ramma þessarar áætlunar annaðhvort í bandalaginu eða í þriðju löndum.
3. Sérstök áhersla er lögð á staðbundin verkefni/framtaksverkefni einstaklinga eða eininga með litla eða enga reynslu af eða möguleika á að mynda tengsl á evrópskum vettvangi.

Nýsköpunarstarf innan netkerfis

4. Aðstoð er veitt til nýsköpunar sem á sér stað innan ramma netkerfis, einkum á sviði félags-, félagsmenningar-, umhverfis- og menningarmála og í tengslum við baráttu gegn útskúfun af ýmsu tagi.
5. Þessi aðstoð getur tekið til nýsköpunarverkefna sem verða til þess að netkerfi skapast milli framtaksverkefna innan bandalagsins, sem þriðju löndum er heimilt að taka þátt í eftir atvikum.
6. Stuðningur við þessa starfsemi á annars vegar að stuðla að þróun þessara netkerfa á framtaksverkefnum evrópskrar sjálfbodaþjónustu og hins vegar að samþætta, innan ramma netkerfanna, þá þætti sem felast í evrópskri sjálfbodaþjónustu.

4.3. Upplýsingar, rannsóknir og mat

1. Stuðningur við starfsemi sem tengist vitundarvakningu, upplýsingum og ráðgjöf, á viðkomandi stað, svæði, landi og í bandalaginu, með það í huga að efla og styðja við markmið áætlunarinnar.
2. Að því er varðar rannsóknir og mat á markmiðum áætlunarinnar leggur framkvæmdastjórnin kapp á greiningu og dreifingu upplýsinga um inntak og uppeldisgildi óformlegu menntunarinnar og eflingu samstarfs á þessu sviði innan bandalagsins. Í samvinnu við aðildarríkin lætur framkvæmdastjórnin fara fram stöðugt eftirlit með og mat á þessari áætlun til þess að laga, þegar nauðsyn krefur, nákvæmar reglur um framkvæmd hennar að þeim þörfum sem kunna að koma upp.

Yfirlýsingar frá framkvæmdastjórninni

(um að ryðja hindrunum úr vegi að því er varðar hreyfanleika)

Framkvæmdastjórnin telur brýnt að ryðja úr vegi öllum lagalegum og réttarfarslegum hindrunum að því er varðar aðgang að aðgerðaáætlun bandalagsins „Evrópsk sjálfbodaþjónusta fyrir ungt fólk“ og hreyfanleika ungra evrópskra sjálfbodaðliða milli landa.

Framkvæmdastjórnin mun fylgjast nákvæmlega með framkvæmd áætlunarinnar, einnig því að þessum hindrunum sé rutt úr vegi, og gera nauðsynlegar ráðstafanir, ef þurfa þykir.

(um áætlunarnefndina)

Framkvæmdastjórnin tilkynnir Evrópuþinginu einu sinni á ári um ráðstafanir sem lúta að framkvæmd áætlunarinnar og gerðar eru á grundvelli þessarar ákvörðunar.
